

Nd.

171. Nefndarálit

[89. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., nr. 30
25. maí 1960.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Samkvæmt frumvarpi þessu leggur ríkisstjórnin til að taka upp einn nýjan skattinn enn þá. Að þessu sinni er það sérstakur gjaldeyrisskattur, þ. e. a. s. gjald, sem nemur 0.5%, á allan seldan gjaldeyri bankanna. Talið er, að skattur þessi muni gefa á næsta ári um 35 milljónir króna.

Hér er um að ræða einn skatt af mörgum, sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að bæta við sem nýjum sköttum við næstu áramót. Meðal slíkra skatta eru: hækkun á benzínskatti, rafmagnsskattur, hækkun á aukatekjum ríkissjóðs og svo þessi gjaldeyrisskattur. Auk þess notfærði ríkisstjórnin sér heimild í vegalögum til þess að leggja sérstakan vegaskatt á umferð um Reykjanesbraut. Öll er skattheimta þessi réttlætt með því, að fjárhagur ríkissjóðs fari versnandi og að ekki sé unnt að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög án þess að leggja á nýja skatta. Ljóst má þó vera, að skattar eins og þeir, sem hér er um að ræða, muni skammt hrökkva í því dýrtíðarflóði, sem nú gengur yfir. Skattar þessir munu hafa sín áhrif á aukningu dýrtíðarinnar, og nýr vandi mun því upp koma þegar á næsta ári.

Eina ráðið til þess að komast út úr þeim dýrtíðarvanda, sem stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hefur leitt til, er að breyta um stefnu. Snúast þarf gegn dýrtíðarvandamálinu sjálfu, en hætta ráðstöfunum, sem magna dýrtíðina.

Við Alþýðubandalagsmenn erum andvígir þessum nýja gjaldeyrisskatti og leggjum því til, að frumv. verði fellt.

Alþingi, 12. des. 1965.

Lúðvík Jósefsson.